

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann 23. maí 2014 kl 16:00 í sal Tannlæknafélags Íslands, Síðumúla 35, 108 Reykjavík.

## FUNDARGERÐ

Gögn sem lágu fyrir fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2013.

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra, ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófataki.

Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Gústav Gústavsson starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar - Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings 2013 - Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2013 - Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2014 - Pétur Pétursson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál, löglega fram borin

Á fundinn voru mættir 9 sjóðfélagar sem fara samtals með 5,62% af atkvæðarétti.

## 1. Skýrsla stjórnar (Ræða Sigurgísla Ingimarssonar, formanns stjórnar)

Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlækna sem nú lýkur, var á margan hátt árangursríkt og á sama tíma viðburðarríkt. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var 3.66 % miðað við vísitölu neysluverðs á meðan sameignardeildin var með 6.15 % raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs. Langtíma ávöxtun sjóðsins er afar góð og er 5 ára raunávöxtun séreignar er 5.6% og sameignar 4.1%. Deildirnar eru gerðar upp á mismunandi hátt um áramót og er raunstaða eigna sameignardeildar hærrí en uppgjör segir til um, því að skuldabréf deildarinnar eru ekki reiknuð á markaðskröfu heldur kaupkröfu.

Eignasafn beggja deilda sjóðsins stendur mjög traustum fótum og samanstendur að stærstum hluta af skuldabréfum með ábyrgð ríkisins, innlánum og dreifðu safni innlendra og erlendra hlutabréfa.

Eins og fram kemur í ársreikningi sl. árs eru allar kennitölur úr rekstrinum afar jákvæðar en ársreikningurinn verður skýrður nánar hér á eftir af framkvæmdastjóra sjóðsins.

Ytri aðstæður í þjóðfélaginu hafa afgerandi áhrif á ávöxtunarmöguleika lífeyrissjóðanna. Síðasta ár var að mörgu leyti hagfelld fyrir þjóðarbúið og mældist hagvöxtur 3.3% og var hann nánast af öllu leyti borinn uppi af utanríkisviðskiptum og er það svo í fyrsta sinn frá árinu 2002. Verðbólga hefur verið að lækka og er Seðlabankinn nánast búinn að ná verðból gumarkmiðum sínum. Þjóðartekjur jukust um 11% og viðskiptajöfnuður jókst verulega. Skuldir heimila hafa verið að lækka. Allt er þetta jákvætt en meira þarf til. Það er því fagnaðarefni að fjármálaráðherra hefur lagt fram fram frumvarp til laga um betri umgjörð opinberra fjármála, þar sem gert er ráð fyrir þaki á hallarekstri ríkissjóðs. Jafnframt verði skuldasöfnun ríkis og sveitarfélaga settar strangar skorður.

Hagvaxtarspár fyrir komandi ár gera ráð fyrir hagvexti um eða undir 3% og gert er ráð fyrir að hann verði drifinn áfram að mestu leyti af vaxandi einkaneyslu sem kallar á aukinn innflutning sem gengur á gjaldeyrisforðinn og getur því veikt gengi krónunnar og aukið verðbólgu á ný. Fjárfesting fyrirtækja er enn sem fyrr lág og dróst saman um 3% á síðasta ári. Enn sem fyrr eru erlendar skuldir þjóðarbúsins afar háar og erlend skuldastaða þjóðarbúsins er neikvæð um 950 milljarða eða 53% af landsframleiðslu og er vaxtarbyrgði erlendra skulda því enn sem fyrr afar há. Á næstu sex árum er áætlaður halli á greiðslujöfnuði Íslands yfir 750 milljarða króna. Til að mæta þessum halla mun þurfa að ganga á gjaldeyrisforðann, veikja gengi krónunnar eða ná samningum um að fresta afborgunum erlendra lána þar til jöfnuði er náð.

Gjaldeyrishöftin sem upphaflega voru samþykkt sem tímabundin aðgerð til tveggja ára eru enn í gildi eftir sex ár og slitastjórnir sitja enn yfir búum föllnu bankanna. Stjórnvöld hafa enn ekki lagt fram trúverðuga stefnu um hvernig eigi að losa um höftin, þannig að fyrirtæki og lífeyrissjóðir öðlist á ný aðgang að alþjóðlegum mörkuðum. Þannig hindra höftin lífeyrissjóðina í að dreifa áhættu utan íslenska hagkerfisins.

Íslenska lífeyriskerfið er gjarnan borið saman við „norska olíusjóðinn“ m.t.t. eigna sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Sá samanburður gæti í fljótu bragði litið vel út fyrir okkur en þegar betur er að gáð þá er regin munur á þessu tvennu er kemur að fjárfestingu. Það er nefnilega þannig að meðan eignir íslenskra lífeyrissjóða eru að 80% innan íslenska hagkerfisins eru einvörðungu 2% eigna „norska olíusjóðsins“ í norskum eignum og er það gert til að áhrif hans verði sem minnst á norskt hagkerfi og einnig til að dreifa áhættu.

Við hvert ár sem líður innan gjaldeyrishaftanna eykst þannig eign lífeyrissjóðanna í íslenskum hlutabréfum og skuldabréfum með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga á kostnað erlendra eigna. Höfum hugfast að síðast þegar gjaldeyrishöft voru sett á árið 1931 voru þau í gildi í 62 ár. Hættan er sú að hagkerfið aðlagist höftunum og því lengri tími sem líður innan þeirra því erfiðara verður að upphefja þau.

Nú þegar eiga lífeyrissjóðirnir 37% skráðra félaga á íslenska hlutbréfamarkaðnum og eru langstærstu eigendur skuldabréfa útgefnum af ríkissjóði. Þegar lífeyrissjóðirnir verða þannig háðir ríkissjóði um kaup á skuldabréfum og ríkissjóður verður að sama skapi háður lífeyrissjóðunum um lán, rennur áhætta þeirra saman. Þá er vá fyrir dyrum. Sjóðsöfnunarkerfið getur þá breyst í gegnumstreymiskerfi án þess að nokkur taki um það ákvörðun.

Veruleg ofhitnun á hagkerfinu sem hlýst af eignabólu í hlutabréfum og á fasteignamarkaði er sú mynd sem blasir við okkur. Eina raunhæfa leiðin til að verja íslenska lífeyriskerfið til langframa er því að heimila á ný fjárfestingar sjóðanna í raunverulegum gjaldmiðlum á erlendum mörkuðum. Það er í þessu sambandi vert að vekja athygli á því að erlendir verðbréfamarkaðir hafa verið á mikilli siglingu síðastliðið ár og má í því sambandi nefna að Dow Jones verðbréfavísitalan hækkaði um rúmlega 22 % á síðasta ári. Stjórn LTFÍ fylgir því enn sem fyrr afar varfærinni stefnu í öllum fjárfestingum á þessum litla og veikburða markaði.

Umræðan um verðtryggingu og fasteignaveðskuldir heimilanna hefur verið fyrirferðamikil á síðustu misserum. Loforð um afnám verðtryggingar og stórfelldar skuldalækkanir urðu til að ný ríkisstjórn komst til valda á síðasta ári. Þetta beinir enn og aftur sjónum að gjaldmiðlamálum. Það má með nokkurri vissu segja að raunvirði gjaldmiðilsins, sé hverju sinni mælikvarði á ráðdeild eða ráðdeildarleysi ráðamanna og þjóðarinnar í heild. Það hlýtur því að vekja upp spurningar ef stjórnarmálameinn geta komist til valda með loforðum um afturvirka niðurgreiðslu á verðbólgu úr ríkissjóði eins og nú hefur orðið raunin. Einnig skal opna fyrir enn frekari útgreiðslur á séreignasparnaði landsmanna og skattaafslætti til að efna kosningaloforðin. Þannig skal nota framtíðarsparnað og skatttekjur ríkissjóðs af honum, til að því er virðist, gagnlítilla aðgerða sem jafnframt senda út skilboð um ábyrgðarleysi í lántökum og skuldsetningu einstaklinga. Verði þessi skattaafsláttur varanlegur má segja að hluti skulda nútíðar verði fluttar yfir á komandi kynslóðir. Slíkt má aldrei gerast. Útfærsla aðgerðanna og ávinningur hinna skuldsettu heimila er óljós, þannig að áður auglýst „heimsmet í skuldaleiðréttingum“ virðist ætla að rata í metabækurnar sem heimsmet í populisma í besta falli.

Það hlýtur öllum að vera ljóst að meðan við búum við okkar örmynt þá verður verðtrygging við lýði. Meðan ekki er leitast við að taka upp annan gjaldmiðil er eina leiðin til að búa við hann, að fyrrgreindu frumvarpi fjármálaráðherra til ábyrgðar og ögunar í hagstjórn og fjármálum ríkisins verði fylgt til hins ýtrasta. Ákvörðun um að leiðrétta skuldir einstaklinga úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar vegna gengishruns er einvörðungu viðurkenning á því að gjaldmiðillinn sé ónothæfur, enda verður aðgerðin að teljast fullkominn firra og fordæmalaus.

Á árinu héldu áfram að greiðast til sjóðsins endurheimtur eigna úr Landsbankinn Mezzanine Fund og greiðslur munu síðan halda áfram að berast til LTFÍ allt til ársins 2016 er þær eru að fullu greiddar.

Stjórn LTFÍ hefur ákveðið að halda áfram varúðarniðurfærslu á eftirstöðvum þessara eigna enn um sinn, enda er það stefna stjórnar nú sem fyrr að eignasafn sjóðsins endurspegli raunverulega stöðu hans hverju sinni.

Eins og fram kemur í nánari úttekt Bjarna Guðmundssonar Tryggingastærðfræðings sjóðsins hér á eftir, er tryggingafræðileg staða LTFÍ mjög góð, og vil ég enn og aftur árétta í því sambandi að LTFÍ hefur aldrei frá efnahagshruninu 2008 þurft að skerða réttindi sjóðfélaga enda er tryggingafræðileg staða sjóðsins afar traust og trúlega ein sú besta í almenna lífeyrissjóðakerfinu. Stjórn sjóðsins fundaði reglulega á árinu með framkvæmdastjóra og starfsmönnum sjóðsins og samkvæmt fundaráætlun. Auk þess átti sá er hér talar reglulega fundi með framkvæmdastjóra og fjárfestingastjóra til að fjalla frekar um tiltekin málefni er til féllu á milli reglulegra stjórnarfunda og eins til að undirbúa stjórnarfundi.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Ennfremur eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs með fyrirvara um að samningar náist við viðkomandi aðila.

Eins og áður sagði er eignastaða LTFÍ afar góð og má segja að sjóðurinn hafi náð vopnum sínum að fullu eftir þá orrahríð sem hann lenti í haustið 2008. Þetta ásamt sérstöðu hans hvað séreignarstefnu og erfaneika eigna varðar, hefur orðið til þess að stjórn LTFÍ hefur algerlega lagt til hliðar allar vangaveltur um samruna eða sameiningu við aðra lífeyrissjóði. Gengið var til samninga við Landsbankann um endurnýjun á rekstrarsamningi. Það verður því óbreytt fyrirkomulag á rekstri sjóðsins enn um sinn og sjóðurinn því áfram í rekstri hjá Landsbankanum.

Stjórn LTFÍ leitast þó ávallt við að leita leiða til til að finna rekstri sjóðsins sem allra hagstæðastan farveg, þannig að ávöxtun eigna sjóðfélaga verði með sem allra besta móti. Má í því sambandi nefna að gengið var frá samningi við nýja endurskoðendur sem telja verður sjóðnum hagfelldan. Það er markmið stjórnar LTFÍ að efla sjóðinn með fjölgun sjóðfélaga.

Í því skyni hafa starfssemi sjóðsins og kostir hans verið kynntir tannlæknum með reglulegu millibili. Má í því sambandi nefna að nýútskrifuðum tannlæknum er ávallt sent ítarefni um sjóðinn og tannlæknanemum er boðið til kynningar á sjóðnum í húsakynnum Landsbankans á hverju hausti og boðið að ganga í sjóðinn. Þetta hefur borið þann árangur að nánast allir tannlæknar sem hafa útskrifast frá árinu 2011 og jafnframt einhverjir makar þeirra hafa kosið að ganga í sjóðinn.

Til að mæta enn frekar þörfum nýútskrifaðra tannlækna hefur stjórn sjóðsins ákveðið að bjóða að nýju upp á sjóðfélagalán. Vinna við útfærslu og framkvæmdahlíð þess máls hefur tafist og er það að hluta vegna þess hversu lengi tók að ganga frá nýjum lögum um neytendalán. Þau hafa nú verið afgreidd frá Alþingi þannig að fljótlega mun þessi þjónusta standa sjóðfélögum til boða á ný. Öllum tannlæknum var sent kynningarefni um lífeyrissjóðinn í aðdraganda ársþings tannlæknafélagsins. Jafnframt voru stjórnarmenn á þinginu og veittu allar nánari upplýsingar um málefni sjóðsins.

Skömmu fyrir jól var öllum tannlæknum sendar jólakveðjur frá LTFÍ þar sem þeim var einnig bent á skattalegt hagræði séreignasparnaðar tengdum einkahlutafélögum og sameignarfélögum. Þetta varð til auka slíkar inngreiðslur.

Jafnhliða er stöðugt reynt að vekja athygli eldri starfsfélaga á kostum þess að ávaxta fremur lífeyri sinn hjá LTFÍ en annars staðar. Þar er við frekar ramman reip að draga, en við í stjórn LTFÍ gefumst ekki upp, enda teljum við að hag allra tannlækna sé best borgið innan vébanda LTFÍ. Í þessu sambandi er vert að minna enn og aftur á að Lífeyrissjóður tannlækna er að stærstum hluta séreignasjóður sem erfist að fullu til maka og barna. En af hverju er ég að undirstrika þetta?

Enn og aftur verður mér tíðrætt um nýja mannfjöldaspá Hagstofunnar fyrir tímabilið 2013 til 2060 í þessu samhengi. Gangi sú spá eftir þá mun meðalævi Íslendinga halda áfram að lengjast, sem aftur þýðir að fjöldi ellilífeyrisþega eykst. Jafnframt lengist tókualdur lífeyris verulega. Afleiðing þessarar þróunar er að einstaklingum á vinnualdri á móti hverjum lífeyrisþega fækkar úr úr tæpum 6 árið 2014 í 2.5 árið 2055.

Ef opinberar lífeyrisgreiðslur eru skoðaðar sem hlutfall af landsframleiðslu OECD landanna þá er hlutfallið á Íslandi langlægst. Aðeins á Íslandi og Ástralíu er meirihluti ellilífeyris greiddur af lífeyrissjóðum. Í öllum öðrum löndum er meirihluti lífeyris greiddur úr ríkissjóði viðkomandi lands. Hin svokallaða „eftirlaunakrísa“ sem orsakast af gegnumstreymiskerfi OECD landanna og byggir á að skatttekjur vinnandi kynslóða standi straum af lífeyrisgreiðslum eftirlaunaþega, á ekki við hér á landi. Þetta er hratt vaxandi vandamál og hefur nú þegar leitt til hækkunar á eftirlaunaaldri í mörgum þessara ríkja. Á Íslandi standa lífeyrissjóðir undir rúmlega 60% af ellilífeyrissgreiðslum og mun það hlutfall aukast hratt á komandi árum.

Það er því óvarlegt að búast við að opinberir sjóðir geti greitt hærri eftirlaun í framtíðinni, enda hefur ríkissjóður Íslands verið rekinn með viðvarandi halla um árábil. Auk þess munu útgjöld ríkisins á komandi árum og áratugum beinast fyrst og fremst að niðurgreiðslu skulda og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem mun vaxa hratt með breyttri aldursamsetningu þjóðarinnar. Þetta ættu ungir og nýútskrifaðir tannlæknar að hafa hugfast og setja því lífeyrissparnað í forgang þegar þeir hefja störf. Þetta mun leiða til þess að sífellt verður erfiðara að uppfylla lífeyrisskuldbindingar í gegnumstreymissjóðum sem byggja á því að sífellt bætist við fleiri nýir sjóðfélagar til að bera uppi lífeyrisskuldbindingar þeirra sem eldri eru. Þetta mun því að lokum knýja þessa lífeyrissjóði til að grípa til ráðstafana eins og t.d. að hækka lífeyrisaldur, hækka iðgjöld og draga úr fjölda öryrkja svo fátt eitt sé nefnt.

Ekkert af þessu á við um LTFÍ sem byggir á afar ríkri séreignarsöfnun þannig að hver og einn einstaklingur leggi fyrir í sjóð sem standi undir eftirlaunagreiðslum hans. Ég vil því enn og aftur undirstrika mikilvægi þess að aldrei verði hvikað frá þeirri stefnu að halda óbreyttu formi á LTFÍ.

Að þessu sögðu vil ég þó benda á að íslenska lífeyrissjóðakerfið er í fremstu röð í heiminum. Stærð þess nemur nú 141 % af vergri þjóðarframleiðslu og er enn sem fyrr ásamt því hollenska og svissneska metið öflugasta lífeyriskerfi allra landa Evrópu að skv. OECD. Það er jafnframt ánægjulegt að vekja athygli á því að kostnaður íslenska lífeyriskerfisins er enn sem fyrr afar lágur í alþjóðlegum samanburði.

Lífeyrissjóðirnir eru kjölfesta í samfélagi okkar og munu í framtíðinni gegna lykilhlutverki í að skapa sjóðfélögum sínum fjárhagslegt öryggi þegar starfsævinni lýkur. Það er því afar mikilvægt að nýir valdhafar landsins beri gæfu til að standa vörð um og hlúi að þessu góða kerfi, sem Íslendingar báru gæfu til að koma á fót fyrir 45 árum, þannig að það megi halda áfram að eflast og dafna öllum til hagsbóta. Að lokum vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans og vil ég þar sérstaklega nefna Ólaf Pál Gunnarsson framkvæmdastjóra LTFÍ og Halldór Kristinsson fjárfestingarstjóra.

Með þá von í brjósti að næsta starfsár LTFÍ verði gjöfult og gæfuríkt, þakka ég fyrir mig.  
Lifið heil.

## **2. Ársreikningur 2013**

Fundarstjóri gaf því næst orðið, Ólafi Páli Gunnarssyni og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2013. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ársreikningurinn er í tvennu lagi, en fjallað er bæði um sameignar- og séreignardeild sjóðsins í reikningnum. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 22. apríl 2014. Ólafur fór yfir lykiltölur í ársreikningnum, fór yfir rekstrareikning og efnahagsreikning deilda sjóðsins. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins [www.li.is/ls/ltfi](http://www.li.is/ls/ltfi)

## **3. Tryggingafræðileg úttekt 2013**

Fundarstjóri gaf Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi, næst orðið og gerði Bjarni grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2013. Bjarni gerði einnig grein fyrir reikniforsendum úttektarinnar og aðferðum. Fram kom í máli Bjarna að úttektin sneri eingöngu að sameignardeild sjóðsins.

- Tryggingafræðileg athugun :
  - Samanburður á eignum lífeyrissjóðs og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til greiðslu lífeyris.
  - Skuldbindingar eru háðar óvissum atburðum tengdum lífi og heilsu sjóðfélaga og mat þeirra kallar því á sérhæfða útreikninga.
- Lífeyrissjóðir hafa almennt engan ábyrgðaraðila.

Ef eignir eru lægri en skuldbindingar þarf að lækka áunninn rétt eða hækka iðgjöld.

Bjarni gerði því næst grein fyrir heildareignum og skuldbindingum sjóðsins. Fram kom í máli Bjarna að eignir sjóðsins væru samtals 1.335,5 milljónir króna og næmu skuldbindingar hans 1.302,4 milljónum króna. Áfallin staða sjóðsins hefði batnað töluvert milli ára, eða í 7% úr 3,3% og heildarstaða skuldbindinga hans væri nú -2,4% en hefði verið -3% á sama tíma í fyrra vegna nýrra ávöxtunarforsendra.

Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendum sjóðsins, og væntanlegum útgjöldum sjóðsins í framtíðinni og aldri sjóðfélaga í því sambandi. Að sögn Bjarna eru horfur sjóðsins góðar, nægir peningar til fyrir útgjöldum framtíðarinnar. Sjóðurinn væri meðal fárra sjóðs, þar sem horfur væru almennt góðar og hefði rekstur hans gengið vel á liðnu ári. Bjarni vék því næst að ávöxtunarforsendu sjóðsins, sem er 3,5%.

- Skýring á bættri áfallinni stöðu er aðallega að ávöxtun með endurmati er yfir 3,5% viðmiðun og einnig er minni aukning örorku en gert er ráð fyrir og lækkun á mati á kostnaði.
- Breyting í 2) einhver breyting á samsetningu greiðandi sjóðfélaga.

Bjarni fór yfir breytingar á lífslíkum karla og kvenna en fram kom að mun fleiri konur en karlar útskrifast núna seinni ár það mun hafa áhrif á framtíðargreiðslur sjóðsins.

#### **4. Fjárfestingarstefna 2014**

Fundarstjóri gaf Pétri Péturssyni sjóðsstjóra orðið og fór hann yfir fjárfestingarstefnu 2014. Fjárfestingarstefnu ársins 2014 má finna á heimasíðu sjóðsins. Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnunni á milli ára.

#### **Fundarstjóri, sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.**

Gísli Vilhjálmsson spurði Bjarna um fjölgun þeirra sem taka lífeyri og vill heyra skoðun Bjarna á því. Bjarni svaraði því til að um tvíþætt vandamál væri að ræða, annars vegar að litlir árgangar væru að hverfa og árgangar eftir 1940 hefðu stækka mikið. Fjöldi fæddra barna er óbreytt og ekki mikil fjölgun á milli árganga. Lífaldur væri að aukast og að ellilífeyrisaldur verði að hækka til að ná jafnvægi aftur. Talar um öryggi í fjárfestingum og við þurfum að geta fjárfest í útlöndum.

Gunnar Þormar vék að því að verið væri að rugla með nafn sjóðsins og það þarf að breyta samþykktum til að breyta nafni sjóðsins. Gunnar spurði jafnframt um árangursþóknun. Ólafur Páll útskýrði eðli hennar og að hún byggði á umframávöxtun séreignadeildar.

#### **5. Kosning stjórnarmanna**

Kjósa þarf um einn aðalmann til þriggja ára. Í framboði var Heiðís Halldórsdóttir. Ekki kom mótframboð og er hún kosin með öllum greiddum atkvæðum.

#### **6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins**

Engar tillögur komu fram.

#### **7. Ákvörðun um laun stjórnar**

Formaður stjórnar gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna. Samkvæmt henni skulu stjórnarlaun hækka um 4,5%. Þau yrðu að lokinni hækkun 23.012 kr. á mánuði fyrir stjórnarmann og fimmföld sú upphæð eða 115.060 kr. á mánuði fyrir stjórnarformann. Fundarstjóri innti fundarmenn eftir því hvort einhver væri á móti þessari tillögu. Svo reyndist ekki vera og var hún því samþykkt með öllum atkvæðum.

#### **8. Kjör endurskoðanda**

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2014:

- Rýni endurskoðun, Suðurlandsbraut 18.

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki um afstöðu þeirra til tillögunnar. Enginn var á móti og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

### **9. Önnur mál löglega borin fram**

Sigurgísli vill áréttta til hvaða ráða er tekið vegna hækkunar lífaldurs það er fyrirhyggja mikilvægust. Mikilvægt að vera vakandi fyrir þessum breytingum og því færri sem eru að vinna á móti lífeyrisþegum. En hér á Íslandi er þessi staða nokkuð góð miðað við erlend ríki. Jón Viðar talar um vandamál vegna skilgreina en kröfur birtist ekki í netbanka eins og áður. Ólafur Páll svarar því til að málið verði kannað. Væntanleg skýring sé upptaka nýs lífeyriskerfis og tilfærsla á milli gamla og nýja kerfisins.

Fleira var ekki rætt.

**Fundi slitið kl 18.00.**